

Fimmtudaginn 28. nóvember 1996.

Nr. 329/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Jakob Jónssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. júlí 1996 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, en til vara, að refsing verði milduð.

Samkvæmt ákæru er ákærði sóttur til sakar fyrir þjófnað, en til vara hylmingu, með því að hafa 5. ágúst 1995 flutt þýfi úr tilteknu innbroti með Helga Þór Jenssyni frá Akranesi að Brautarholti 22 í Reykjavík, þar sem þýfinu hafi verið komið í geymslu, „þrátt fyrir það að honum væri fullkunnugt um, að um þýfi var að ræða, og með því að hafa nokkrum dögum síðar fjarlæggt þýfið frá Brautarholti 22 og slegið eign sinni á það“. Í ákæru er þetta aðallega talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara 254. gr. laganna.

Í skýrslu fyrir héraðsdómi 10. júlí 1996 sagði ákærði sig hafa grunað, að þýfi úr innbroti, sem fyrrnefndur Helgi hefði framið, hefði verið í tösku, sem þeir fluttu með sér frá Akranesi til Reykjavíkur. Þetta hefði Helgi síðan staðfest við ákærða, þegar hann bað ákærða um að koma töskunni í geymslu að Brautarholti 22. Ákærði kvaðst hafa tekið töskuna þaðan nokkrum dögum síðar og hent henni í ruslagám, en hann hefði ekki vitað, hvað hefði nákvæmlega verið í töskunni eða hvað hefði síðan orðið um það. Í kjölfar þessarar skýrslu ákærða var bókað í þingbók, að sækjandi og verjandi hefðu fengið að tjá sig í stuttu máli um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga,

og var þar vísað sérstaklega til niðurlags 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Gekk síðan hinn áfrýjaði dómur.

Í framangreindri skýrslu gekkst ákærði ekki við því, að sér hefði verið fullkunnugt um, að um þýfi væri að ræða, svo sem í ákæru segir, þegar hann flutti umrædda tösku til Reykjavíkur með Helga Þór Jenssyni 5. ágúst 1995. Hann gekkst ekki heldur við því að hafa slegið eign sinni á þýfið, eftir að hafa tekið það frá Brautarholti 22, heldur kvaðst hann hafa fargað því með töskunni, sem það var í. Þá var ákærði, sem áður segir, aðallega sóttur til sakar fyrir þjófnað og til vara hylmingu, en í skýrslu fyrir dómi játaði hann þó engar sakir um þjófnað.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, var hér ekki fullnægt því skilyrði fyrir meðferð máls eftir 125. gr. laga nr. 19/1991, að ákærði hefði játað skýlaust alla þá háttsemi, sem honum var gefin að sök. Þar sem héraðsdómur í málinu gekk þannig ranglega eftir þeirri lagaheimild, verður ekki komist hjá því að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður allur kostnaður af því í héraði og fyrir Hæstarétti felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda á báðum dómstigum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða í héraði, Arnar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, 20.000 krónur, og skipaðs verjenda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.